

Niðurstöður greininga á sýni úr
Bjarnarflagslóni, sem safnað var 21.
desember 2002

Halldór Ármannsson

Greinargerð HÁ-2003-03

22-01-03

NIÐURSTÖÐUR GREININGA Á SÝNI ÚR BJARNARFLAGSLÓNI, SEM SAFNAÐ VAR 21.DESEMBER 2002

Þann 21. desember 2002 var safnað sýni úr Bjarnarflagslóni vegna athugunar sem gerð var fyrir Baðfélag Mývetninga. Sýnið var sent til efnagreininga hjá Analytica, Luleå, Svíþjóð og voru greind öll helstu snefilefni auk aðalkatjóna og brennisteins. Niðurstöður eru í meðfylgjandi töflu bornar saman við niðurstöður um sýni sem safnað var úr lóninu árið 1997 þegar aðstæður voru aðrar, þ.e. hola B-04 var nýtt til hitaveitu en ekki B-09 eins og nú. Í ljós kemur að yfirleitt er snefilefnastyrkur minni nú og má t.d. nefna að álstyrkur er umtalsvert minni. As-styrkur er þó nokkuð minni nú, þó að ekki sé stærðargráðu munur og gildir áfram umsögn sú sem gefin var í fyrri greinargerð (Halldór Ármannsson og Kristján Sæmundsson 2002), þ.e. As styrkur í vatni frá lóninu er of hár fyrir lífríki en mun þynnast svo mikið við blöndun við kalt grunnvatn að hann verður hættulaus þegar vatnið er komið til Mývatns. Styrk annarra efna sem greind voru 1997 er að finna í fyrri greinargerðinni.

Tafla: Niðurstöður efnagreininga á vatni úr Bjarnarflagslóni 1997 og 2002

Efni	1997	2002
Ca mg/kg	2.02	1.92
Fe	0.0324	0.0060
K	20.1	21.3
Mg	0.29	0.364
Na	142	144
S	77.5	63.6
Si	131	106
Al	0.89	0.119
As	0.229	0.157
Ba	ekki mældur	0.00084
Cd	ekki mældur	0.000004
Co	ekki mældur	<0.000005
Cr	0.0004	0.000033
Cu	0.0019	0.000687
Hg	ekki mældur	0.0000124
Mn	0.0049	0.00147
Mo	ekki mældur	0.000499
Ni	ekki mældur	0.000239
P	ekki mældur	0.00558
Pb	0.0002	0.000233
Sr	ekki mældur	0.0112
Zn	0.004	0.00265

Heimild

Halldór Ármannsson og Kristján Sæmundsson. Um baðstað Baðfélags Mývatnssveitar. Orkustofnun HÁ/KS-2002/06, 6 bls.